

mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum. Heilbrigðisnefnd skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt 1. mgr. má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

9. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem er samin af heilbrigðisnefnd Austurlands, breytt og samþykkt af sveitarstjórn Norður-Héraðs á 112. fundi 10. ágúst 2004, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu.

F.h. sveitarstjórnar Norður-Héraðs, 20. ágúst 2004.

Jónas Þór Jóhannsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., er togbátum, sem eru 26 metrar að mestu lengd eða styttri, heimilt til 1. mars 2005 að stunda veiðar með fiskibotnvörpu á svæðinu, enda séu vörpur þeirra búnar leggglugga í samræmi við ákvæði 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. ágúst 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Snorri Rúnar Pálmason.